

Föstudaginn 19. janúar 1996.

Nr. 30/1996.

Rannsóknarlögregla ríkisins

gegn

Rúnari Presti Grímssyni

(Haraldur Blöndal hrl.)

Kærumál. Kæra. Frávísun frá Hæstarétti.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Garðar Gíslason, Gunnlaugur Claessen og Markús Sigurbjörnsson.

Úrskurður var kveðinn upp um húsleit hjá varnaraðila í Héraðsdómi Reykjaness 12. janúar 1996, og var þar ekki mætt af hans hálfu. Héraðsdómari færði hins vegar til bókar, að úrskurðarorð og röksemdir dómara hefðu verið kynntar lögmanni varnaraðila símleiddis. Lögmaðurinn hafði þá lýst yfir því fyrir hönd varnaraðila og óskað bókað í þingbók, að úrskurðurinn væri kærður til Hæstaréttar. Í kjölfar þessa var málið sent Hæstarétti til meðferðar, og barst það réttinum 16. janúar 1996. Varnaraðili krefst þess, að umræddur úrskurður verði felldur úr gildi og honum dæmdur kærumálskostnaður.

Sóknaraðili krefst þess, að úrskurður héraðsdóms verði staðfestur.

Þar sem ekki var mætt af hálfu varnaraðila á dómþingi, varð kæra að berast héraðsdómara bréflega, sbr. 3. mgr. 144. gr. laga nr. 19/1991 um meðferð opinberra mála. Kæra varnaraðila er því ekki í lögskipuðu formi, og verður málinu sjálfkrafa vísað frá Hæstarétti.

D ó m s o r ð:

Máli þessu er vísað frá Hæstarétti.
